

Ed. 518. Frumvarp til laga [262. mál]
um breyting á lögum nr. 15/1969, um Listasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Safnið er eign íslenska ríkisins. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þess. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr ríkissjóði, þ. á m. skal árlega í fjárlögum ætluð ákveðin fjárveiting til listaverkakaupa.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 15/1969, um Listasafn Íslands, er menningarsjóði gert að greiða Listasafni Íslands a. m. k. $\frac{1}{6}$ af tekjum sínum til listaverkakaupa.

Menningarsjóður hefur nú engin bein afskipti af Listasafni Íslands og er í þessu sambandi einungis milliliður.

Jafnhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breyting á tekjustofnum menningarsjóðs, þar sem gert er ráð fyrir, að í stað hluta af núverandi tekjustofnum sjóðsins komi beint framlag í fjárlögum hverju sinni.

Af báðum þessum sökum verður að teljast eðlilegt að rjúfa fjármálatengsl menningarsjóðs og Listasafns Íslands.